



LANDLÆKNISEMBÆTTID

# TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisfræði

3. árg. 7. – 8. tölublað. Júlí – ágúst 2009.

## EFNI:

Reynslan af vefbirtingu flokkunarkerfa SKAFL.is væntanlegur	bls. 1
Rafræn útgáfa flokkunarkerfa ítarlegri en áður	bls. 1
ICF — Nýtt flokkunarkerfi til kynningar og rýni	bls. 2
Færri legur á sjúkrahúsum landsins	bls. 3

## Ritstjóri

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir  
Matthías Halldórsson  
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

## Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTID

## HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## REYNSLAN AF VEFBIRTINGU FLOKKUNARKERFA — SKAFL 1.2 VÆNTANLEGUR

Nú er komin nokkur reynsla á að birta flokkunarkerfi Landlæknisembættisins á vefnum [www.skafli.is](http://www.skafli.is) og æ fleiri nota hann til uppflettingar í daglegu starfi. Vefurinn birtir greiningar með öðrum hætti en rafrænn sjúkraskrárhugbúnaður hefur gert.

Þar munar mest um:

- Að sýna skýringar sem fylgja kóðum.
- Að leita í öllum texta, bæði kóðahaitum og skýringartextum.
- Að leita í upphafi orða eða miðju þeirra eftir atvikum.

Vefurinn [www.skafli.is](http://www.skafli.is) var kynntur á Læknadögum 2009 og tekið hefur verið á móti ábendingum notenda frá opnun hans í lok nóvember 2008. Notendur hafa óskað eftir að geta safnað saman í lista nýskoðuðum kóðum og uppáhaldskóðum, tengdum starfsstöð. Ennfremur að geta tengst beint inn á vefinn með sjúkraskrárhugbúnaði, án þess að opna vafra sérstaklega. Þetta tvennt verður reynt að uppfylla í næstu uppfærslu, SKAFL 1.2, sem er væntanleg í haust.

Til þess að hægt sé að tengjast beint á vefinn frá sjúkraskrárhugbúnaði þarf að aðlaga hugbúnað stofnana til að varpa skipunum á vefinn sem leitarlóð. Tæknileg lýsing á þessu er nú aðgengileg á síðu embættisins um [rafræn sjúkraskrárkerfi](#).

Á vef Landlæknisembættisins eru flokkunarkerfin aðgengileg til niðurhals á vensluðu gagnagrunnsformi sem einnig er unnt að nota til birtingar í hugbúnaði stofnana. Leiðbeiningar um notkun Skafilsins verða endurskoðaðar samhliða nýrri uppfærslu og allar ábendingar frá notendum eru vel þegnar til að styðja þróun þessa verkfæris heilbrigðisþjónustunnar.

Sérstakt netfang, [flokkun@landlaeknir.is](mailto:flokkun@landlaeknir.is), tekur við ábendingum á SKAFL síðunni (auðkennt – *senda villutilkynningu*), en einnig er velkomið að senda erindi til [verkefnisstjóra](#) flokkunarkerfa.

Lilja Sigrún Jónsdóttir

## RAFRÆN ÚTGÁFA FLOKKUNARKERFA ÍTARLEGRI EN ÁÐUR

Við útgáfu á uppfærslum ársins 2009 á flokkunarkerfunum ICD-10 og NCSP urðu miklar framfarir í rafrænni framsetningu þeirra. Nú er ICD-10 (*Alþjóðleg tölfræði-flokkun sjúkdóma og tengdra heilsufarsvandamála*) birt á vef embættisins með þeim skýringartextum sem tilheyra prentuðu útgáfunni. *Norræn flokkun aðferða og aðgerða*, NCSP, var fullunnin til slíkrar birtingar á síðastliðnu ári.

Vistun og vinnsla flokkunarkerfanna í gagnagrunn var nauðsynlegur undanfari þess að gera vefbirtingu þeirra mögulega. Eru flokkunarkerfin tvö þar með aðgengileg á þrenns konar formi:

- Excel-formi.
- Gagnagrunnsformi með skráarlýsingu til birtingar í hugbúnaði heilbrigðisstofnana.
- Á vefnum [www.skafli.is](http://www.skafli.is).

Næstu skref hvað varðar ICD-10 er að birt verður stafrófskver þess, á ensku til að byrja með og á [skafli.is](http://skafli.is) eftir næstu uppfærslu. Með hverjum slíkum áfanga verður skráning í rafrænu umhverfi skilvirkari fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar.

Lilja Sigrún Jónsdóttir

## ICF – NÝTT FLOKKUNARKERFI TIL KYNNINGAR OG RÝNI

*ICF hefur þann  
tilgang að flokka og  
skrá heilsu- og  
heilsutengda þætti,  
hvort sem er í  
einstaklings- eða  
samfélagslegu  
samhengi.*

Frumpýðing *Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu (International Classification of Functioning, Disability and Health – ICF)* hefur nú verið birt á vef embættisins [www.skafli.is](http://www.skafli.is). Kerfið er gefið út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), en þýðingin var unnin af þverfaglegum hópi innan heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri samkvæmt samningi við Landlæknisembættið.

Sem flokkunarkerfi hefur ICF þann tilgang að flokka og skrá heilsu- og heilsutengda þætti, hvort sem er í einstaklings- eða samfélagslegu samhengi. Auk þess er kerfið ætlað sem verkfæri í stefnumótunavinnu, við skipulag þjónustu, rannsóknir og menntun. Kerfið er því gagnlegt fyrir ýmsar fagstéttir og hafa mörg lönd tekið það upp sem leiðandi líkan í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Tilgangurinn með kynningu á frumpýðingu kerfisins er að skapa vettvang til samráðs um orðanotkun og lýsingu á innihaldi hugtaka.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leggur ríka áherslu á að sátt sé um þýðingar á grunnhugtökum meðal fagfólks og leikmanna. Því er öllum sem áhuga hafa boðið að taka þátt í þýðingarferlinu með því að kynna sér flokkunarkerfið á vefnum, rýna þýðingar og koma með ábendingar um breytingar.

*Lilja Sigrún Jónsdóttir*

### Ábendingar er varða frumpýðingu hugtaka í ICF

Sendið tillögur að breytingum á frumpýðingu hugtaka bréflaga til: Landlæknisembættisins, Austurströnd 5, 170 Seltjarnarnesi.

Bréfið skal stílað á verkefnisstjóra flokkunarkerfa og merkt *vegna ICF*.

Einnig er hægt að senda inn tillögur á netfangið [flokkun@landlaeknir.is](mailto:flokkun@landlaeknir.is).

Með tillögunni þarf að fylgja:

1. Kóði hugtaksins og skýringartexti á ensku og íslensku ásamt rökstuðningi fyrir breytingartillögu.
2. Fullt nafn, heimili eða vinnustaður og netfang ef við á.

## FÆRRI LEGUR Á SJÚKRAHÚSUM LANDSINS

Nýjar tölur á vef Landlæknisembættisins um aðsókn á legudeildir sjúkrahúsa árin 1999–2007 sýna að legum á sjúkrahúsum fækkar enn miðað við íbúafjölda. Meðallegutími hefur hins vegar lítið breyst síðustu ár og var hann 5,4 dagar árið 2007.

### Sjúkrahúsatölfraeði

Aðsóknartölur sjúkrahúsa sýna að legum hefur fækkað stöðugt miðað við íbúafjölda frá árinu 2001, en þá voru 50.908 legur skráðar en árið 2007 voru þær 48.635.

Meðal skýringa á þessari lækkun gæti verið aukin aðsókn á göngudeildir sjúkrahúsa og má í því sambandi nefna að 19,7% aukning varð á göngudeildarstarfsemi á Landspítala milli árunna 2006 og 2007.

Meðallegutími hefur heldur styst á sjúkrahúsum undanfarin ár, hann var 5,7 dagar árið 2001 samanborið við 5,4 daga árið 2007. Þessi þróun er svipuð og annars staðar í heiminum, þ.e. að legum fer fækk-

andi á sjúkrahúsum og meðallengd hveðrar legu styttest.

Aðsókn á legudeildir sjúkrahúsa er mismunandi eftir kynjum og aldurshópum. Sem dæmi má nefna að fleiri legur eru meðal karla en kvenna í aldurshópnum 5–14 ára, en í aldurshópnum 15–44 ára er fjöldi lega mun meiri meðal kvenna. Munar þar mestu um legur vegna fæðinga. Þegar dregur nær efri árum eru legur karla hins vegar aftur hlutfallslega fleiri en kvenna.

Legum fækkar umtalvert í elstu aldurshópnum milli árunna 2006 og 2007 og er breytingin mest í aldurshópnum 85–89 ára ( mynd ). Hugsanleg skýring gæti verið aukin þjónusta við aldraða í heimahúsum undanfarin ár auk betri göngudeildarþjónustu.

Þess ber að geta tölur um legufjölda sýna fjölda þeirra á hverja 1000 íbúa í aldurshópnum.

Ágústa Benný Herbertsdóttir

Meðallegutími hefur heldur styst á sjúkrahúsum undanfarin ár, hann var 5,7 dagar árið 2001 samanborið við 5,4 daga árið 2007.

Fjöldi lega eftir aldri sjúklinga á hverja 1000 íbúa, 2006 og 2007

